

[Stefna yfirfarin og samþykkt óbreytt á stjórnarfundum 17.10.2018]

## Samkeppnisréttarstefna Orku náttúrunnar

ON ástundar öfluga og sanngjarna samkeppni og virðir í hvívetna ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppnislög eru sett til að efla virka samkeppni og vinna gegn viðskiptaháttum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað eða hún takmörkuð. Í starfsemi sinni vill ON stuðla að virkri samkeppni þannig að tryggja megi hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta þjófélagsins, til ábata fyrir neytendur, atvinnulífið og samfélagið í heild sinni. Stjórnendur ON bera ábyrgð á því að kynna öðrum starfsmönnum samkeppnisréttaráætlun fyrirtækisins og sjá til þess að henni sé fylgt í hvívetna. Verði starfsmaður uppvís að því að brjóta gegn samkeppnislögum í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi varðar það viðurlög í starfi, auk þess sem því kann að fylgja ábyrgð samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.

## Tilvísun

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.